




# Ertu þyrst(ur)?

Dec. 11, 2013



Líf þrífst nánast hvar sem er á Jörðinni, allt frá pólsvæðunum til miðbaugs, frá dýpsta hafsbotni til hæstu fjallstinda og frá þurrustu dölum til heitustu eldfjalla. Síðustu 3,7 milljarða ára hefur lífið á Jörðinni aðlagast næstum hvaða umhverfi sem hægt er að ímynda sér. En hvað er það við Jörðina sem gerir hana svona hentuga fyrir líf? Ansi margt en þó aðallega vatnið.

Við höfum enn ekki fundið lífveru sem ekki þarf á vatni að halda til að lifa af. Til dæmis er líkaminn þinn næstum 60 prósent vatn og við gætum ekki lifað nema í örfáa daga án þess. Sem betur fer er Jörðin í rétttri fjarlægð frá sólinni til að vatnið sé fljótandi. Væri Jörðin nær sólinni myndu höfin gufa upp en ef við værum fjær sólu myndu höfin frjósa.

En er vatn á öðrum hnöttum? Já! Með hjálp Hubble geimsjónaukans öfluga hafa vísindamenn fundið vatn í lofthjúpum fimm fjarlæggra pláneta! (Lofthjúpur er gasið sem umvefur plánetu, eins og andrúmsloftið sem umlykur Jörðina.)

Þýðir þetta að pláneturnar séu eins og Jörðina okkar? Nei, því miður. Allar pláneturnar fimm eru „heitir gasrisa“. Það þýðir að þær eru mörg hundruð sinnum stærri en Jörðin, mjög nálægt sínum móðurstjörnum og umvafðar þykku, ólgandi heitur gasi. Þetta varpar samt fram nýjum spurningum. Hvað ætli sé mikið vatn á öðrum fjarlægari plánetum í öðrum sólkerfum?

## COOL FACT

Lofthjúpur Jarðar inniheldur ekki aðeins súrefnið sem við öndum að okkur. Hann er að mestu úr gasi sem kallast nitur og inniheldur líka fleiri efni eins og vatn. Kíktu út um gluggann núna. Á himninum sérðu hvar vatnið hefur myndað ský, þöku eða jafnvel snjó!

This Space Scoop is based on a Press Release from [Hubble Space Telescope](#).  
[Hubble Space Telescope](#)



This website was produced by funding from the European Community's Horizon 2020 Programme under grant agreement n° 638653